

# Tilskipun

84  
30. nóv.

um

ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski.  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Að Vjer bjóðum hjermeð og fyrirskipum, samkvæmt  
23. gr. laga nr. 74, 27. júní 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts  
í Reykjavík á þessa leið:

## 1. gr.

Frá 1. janúar 1922 ræður fjármálaráðherrann mann, er nefnist skattstjóri,  
til að hafa á hendi í Reykjavíkurkaupstað þau störf, sem annars eru falin skatta-  
nefndum og ákveður þóknun hans.

Ennfremur tilnefnir fjármálaráðherra annan mann, varaskattstjóra, er  
gegnir störfum skattstjóra í forföllum hans.

Þá skipar og fjármálaráðherra 3 menn í yfirs kattanevnd til 6 ára í senn  
og 2 til vara. Ákveður ráðherra hver vera skuli formaður.

## 2. gr.

Skattstjóri vinnur störf skattanevndar og varaskattstjóri vinnur störf  
varaskattanevndarmanna, enda hafa þeir sama vald í hvívetna og sömu skyldur  
og rjettindi sem skattanevndarmenn eða eftir atvikum formaður skattanevndar,  
nema öðruvísi sje mælt í þessari tilskipun.

Yfirs kattanevnd í Reykjavík hefur og sama vald og sömu skyldur og  
rjettindi í hvívetna sem skattanevndir utan Reykjavíkur.

## 3. gr.

Í Reykjavík skal senda út eyðublöð um framtalsskýrslur í janúarmánuði  
ár hvert svo fljótt sem unt er, og krefja skal þessara skýrslna aftur svo fljótt  
sem kostur er á.

Skattskrá skal ekki rita í gerðabók skattstjóra.

**84** Yfirskattanefnd skal venjulega ekki gera breytingar á eða viðauka við  
 30. nóv. skattskrár, nema hún hafi áður borið sig saman við skattstjóra um atriðið.

Þegar yfirskattanefnd hefur lokið störfum sínum, þá skal skattstjóri gera eina aukaskattskrá úr aukaskattskrá sinni og þeim breytingum og viðaukum, sem yfirskattanefnd hefur gert, og votta með undirskrift sinni, að aukaskattskrá þessi sje rjett samín, samkvæmt þessum gögnum. Skattskrá og aukaskattskrá sendir skattstjóri síðan lögreglustjóra í öndverðum júnímánuði til afnota við innheimtu skattsins.

4. gr.

Þóknun skattstjóra, varaskattstjóra og yfirskattanefndar, svo og skrifstofukostnaður og allur annar kostnaður af ákvörðum skattsins í Reykjavík, greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Lög um tekjuskatt og eignarskatt og reglugerð handa skattanefndum gilda í Reykjavík í öllum atriðum svo sem samrýmanlegt er ákvæðum þessarar tilskipunar.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 30. nóvember 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Magnús Guðmundsson.*